

Sp. 64. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um könnun á fjárhagsvanda vegna húsnæðismála.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon,
Skúli Alexandersson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram könnun á fjárhagsvanda þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúðarhúsnæði á s. l. fimm árum.

Eftirfarandi þættir skulu rannsakaðir:

A. Umfang vandans:

1. fjöldi þeirra sem skulda svo háar upphæðir að óviðráðanlegt sýnist í hlutfalli við tekjur og tekjumöguleika,
2. fjöldi þeirra sem nú þegar eru í vanskilum vegna húsnæðislána,
3. fjöldi þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með að standa í skilum á húsnæðislán-um,
4. hvenær bygging hófst eða kaup áttu sér stað,
5. fjöldi þeirra sem ætla má að lendi í erfiðleikum með greiðslur húsnæðislána á næstu missirum að launum og lánskjörum óbreyttum,
6. fjöldi auglýstra og framkvæmdra nauðungaruppboða á íbúðarhúsnæði á síðustu fimm árum,
7. áhrif þróunar lánskjaravísitölu og launa á síðustu fimm árum á greiðslubyrði vegna húsnæðislána.

B. Hvaða þjóðfélagshópar eiga í mestum erfiðleikum:

1. hvaða starfsstéttir eiga í mestum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og
2. hvaða aldurshópar,
3. hvaða þjóðfélagshópar eru líklegastir til að eiga í erfiðleikum með að afla viðunandi húsnæðis á næstu árum miðað við núverandi aðstæður,
4. hvaða tekjur eru nauðsynlegar fjölskyldu til að raunhæft sé að ætla henni að eignast hæfilegt íbúðarhúsnæði miðað við núgildandi lánskjör og greiðsluskilmála.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands verði falið að annast könnunina og ljúka henni fyrir 1. mars 1986. Niðurstöður verði tafarlaust lagðar fyrir Alþingi.

Ríkissjóður greiði kostnað við könnunina.

Greinargerð.

Íslendingar eru í þeirri séstöðu gagnvart flestum, ef ekki öllum, öðrum þjóðum að mikill meiri hluti landsmanna býr í eigin húsnæði. Skipulagðar byggingar leiguhúsnæðis eru nær óþekktar, leigumarkaðurinn byggður upp af handahófi og þess vegna ótryggur og óviðunandi. Húsaleigulög, sem sett voru fyrir nokkrum árum, hafa litlu breytt þar um. Vafalítið kjósa flestir landsmenn að eignast eigið húsnæði, enda hafa stjórnvöld ekki markað neina aðra stefnu í húsnæðismálum. Ágreiningur er um aðrar leiðir eins og viðbrögð við fyrirhuguðum búseturéttaribúðum sýna. Byggingarsjóður verkamanna hefur um áratugaskeið verið eina von lágláunafólks til að eignast húsnæði, en hann hefur hvergi nærri getað sinnt eftirspurn. Allur þorri manna hefur því orðið að leggja á sig þunga skuldabagga í langan tíma til þess að hafa þak yfir höfuðið.

Þessi skuldabaggi hefur jafnan verið þungur, en ljóst er að nú stefnir í óefni. Um fátt er meira rætt í þjóðfélaginu um þessar mundir en fjárhagsörðugleika manna vegna húsnæðislána svo að yfir fólki vofir að missa húseignir sínar. Fjöldi nauðungarupphöða var í september s. l. orðinn meiri en allt árið 1984 og segir það sína sögu. Sé ástandið orðið á þann veg að gjaldþrot blasi við fjölmörgum fjölskyldum í landinu er vandinn ekki lengur einkamáll þess fólks heldur þjóðfélagsvandamál sem stjórnvöldum ber að leysa.

En til þess að stjórnvöld fái ráðið við þetta vandamál er nauðsynlegt að þau hafi yfirsýn yfir umfang vandans, hvaða þjóðfélagshópar eru harðast leiknir vegna hans og hvað til þurfi að koma svo að hann verði leystur. Allt of oft er gripið til aðgerða hér á landi gegn vanda sem ekki er fyllilega ljóst hvers eðlis er og því verður árangur lítillsverð skammtímalausn. Til þess er þáltill. flutt að nauðsynleg vitneskja fái um það hve alvarlegt vandamál blasir við í húsnæðismálum þjóðarinnar á næstu árum. Það er tími til kominn að mönnum verði gert kleift að hafa þak yfir sig og sína án þess að þeir hætti til þess lífi og heilsu, en vaxandi hópur fólks bugast nú undir því aukaálagi sem vonlítill eða vonlaus fjárhagsstaða einstaklingsins er og verður að leita hjálpar í heilbrigðiskerfinu. Þessari fullyrðingu er ekki mótmælt í sjúkrastofnunum.

Hér er því um að ræða vandamál sem snertir ótal þætti þjóðlífsins. Nægir að nefna börn sem ekki hljóta þá umönnun sem skyldi vegna mikillar fjarveru foreldra sem eru tilneyddir að skila óhóflega löngum vinnudegi og er ófyrirséð hver áhrif slíkt kann að hafa í framtíðinni. Menn skulu hafa í huga að vandamál og lífsflótti barna og unglinga verða ekki til að ástæðulausu. Og víst er að það væri rannsóknarefni hversu margar vinnustundir tapast í atvinnulífínu vegna hlaupa manna milli stofnana til að leita næsta haldlítilla lausna á fjárhagsvanda sínum, þó að ekki sé lagt til hér að slík rannsókn fari fram. Þá ætti dræm sala fasteigna nú að vera umhugsunarefni og er vafalítið áhyggjuefni þeim sem festu fé sitt í fasteignum í trausti þess að þannig væri ávöxtun þess best tryggð.

Flm. telja að mikilvægt sé að gera nú þegar ráðstafanir til að kanna hvert ástand þessara mála raunverulega er. Eðlilegt verður að telja að félagsvísindadeild Háskóla Íslands verði falið þetta verk og mun ekkert vera því til fyrirstöðu að því verki yrði lokið á tilsettum tíma. Minna má á að stefnt hefur verið að því að sú þekking og rannsóknaraðstaða, sem þar er fyrir hendi, verði nýtt í þágu atvinnulífs og þjóðlífs í auknum mæli. Sjálfsagt er að höfð verði samvinna við þá millipínganefnd um úrbætur í húsnæðismálum er nú situr, og aðra þá aðila sem upplýsingar hafa er nýst gætu í könnuninni.

Mikilvægt er að þessi könnun geti hafist sem fyrst. Um það ættu allir stjórnmalaflokkar að geta verið sammála.